

Kjarasamningur í fáum orðum

samkomulag við ríkissjóð



Hvernig breytast launin mín?

- 1. apríl 2019** » Laun hækka um 17.000 kr.
- 1. apríl 2020** » Laun hækka um 24.000 kr. í launaflokkum 1-15 og um 18.000 í hærri launaflokkum.
- 1. janúar 2021** » Laun hækka um 24.000 kr. í launaflokkum 1-15 og um 15.750 í hærri launaflokkum.
- 1. janúar 2022** » Laun hækka um 25.000 kr. í launaflokkum 1-15 og um 17.250 í hærri launaflokkum.

Orlofs- og desemberuppbætur

Árið 2019 » orlofsuppbót 50.000 kr.
1. desember 2019 » desemberuppbót 92.000 kr.

Árið 2020 » orlofsuppbót 51.000 kr.
1. desember 2020 » desemberuppbót 94.000 kr.

Árið 2021 » orlofsuppbót 52.000 kr.
1. desember 2021 » desemberuppbót 96.000 kr.

1. maí 2022 » orlofsuppbót 53.000 kr.
1. desember 2022 » desemberuppbót 98.000 kr.



Styttri vinnuvika


Stytting vinnuvikunnar getur náð allt 4 stundum á viku fyrir dagvinnufólk í 100% starfshlutfalli. Vinnutími starfsmanna í hlutastarfi styttest hlutfallslega. Þeir sem vinna þrískiptar vaktir geta stytt sinn vinnutíma um allt að 8 stundir.

Nánari umfjöllun um vinnutímastyttingu er að finna á heimasíðu félagsins, foss.bsrb.is



Breyting yfirvinnu

Yfirvinna er greidd með tímakaupi fyrir vinnu umfram 40 stundir á viku og skiptist í yfirvinnu 1 og yfirvinnu 2. Tímakaup yfirvinnu 1 er 0,9385% af mánaðarlaunum. Ákvæðið tekur gildi 1. júní 2020.



Laun í ferðum með skjólstæðinga

Eitt af mörgum sérmálum sem kjarasamningurinn nær til eru laun starfsmanna sem þurfa að fylgja skjólstæðingum á ferðalögum og annast hann. Með nýjum samningi náðist í gegn að greitt skal fyrir allan sólarhringinn meðan á ferð stendur.



Lengra sumarfrí

Orlofsdagar þeirra sem eru í fullu starfi verða 30 og hlutfallslega hjá þeim sem vinna hlutastarf. Ákvæðið tekur gildi 1. maí 2020 og því geta allir notið lengra sumarleyfis sumarið 2021.

Rafræn atkvæðagreiðsla til 23. mars

Vegna faraldurs Covid-19 veirunnar er kynning kjarasamningsins fyrst og fremst með rafrænum hætti en rafræn atkvæðagreiðsla um kjarasamninginn stendur til kl. 10, mánudaginn 23. mars næstkomandi. Tengill á atkvæðagreiðslusíðuna er á heimasíðu félagsins, foss.bsrb.is.

Félagsmenn eru eindregið hvattir til að nýta atkvæðisrétt sinn.

